

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

10. júní 2026 | 17. árgangur 9. tölublað



HÖRGÁRSVEIT


FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Sæludagar í Hörgársveit

Verða haldnir dagana 19.–21. júní með fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá fyrir öll. Framundan eru markaðir, fjölskylduskemmtun, tónlist, útivist, sundlaugarparty, brenna og fjölmargir viðburðir víðs vegar um sveitarfélagið. Sæludagarnir byggjast á samvinnu og þátttöku íbúa, félaga og fyrirtækja sem saman skapa skemmtilega samfélagshátíð fyrir alla aldurshópa.

Við hvetjum öll til að taka þátt og njóta helgarinnar saman!

Smelltu á eða skannaðu QR-kóðann til að sjá dagskrá og nánari upplýsingar um viðburðina.



Söfnun á úrgangstimbri, brotajárni og hjólbörðum

Úrgangur þarf að vera aðgengilegur við lóðarmörk og safnaður á einn stað á hverju býli/lóð. Hámark er einn bíll á bæ. Ekki má blanda saman timbri, járni, hjólbörðum eða öðrum úrgangi og flokka þarf málað og ómálað timbur sér. Óflokkað efni verður ekki tekið.

Tilkynna þarf um timbur, brotajárn og hjólbarða til Jonna fyrir kl. 10:00 föstudaginn 29. júní 2026.

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is | Sími: 460 1750

Þetta er eina söfnun ársins á timbri, járni og hjólbörðum.

Næsti fundur sveitarstjórnar

Þriðjudaginn 16. júní klukkan 10:00.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Þriðjudaginn 9. júní 2026 kl. 10:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla .

Fundarmenn: Sunna María Jónasdóttir, Árni Rúnar Örvarsson, Róbert Fanndal Jósavinsson, Bjarki Freyr Brynjólfsson, Katrín Olsen Björnsdóttir og Snorri Finnlaugsson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Sveitarstjórnarkosningar - 16.5.2026 - H2603047

Lögð fram skýrsla kjörstjórnar um niðurstöður sveitarstjórnarkosninga í Hörgársveit 16.5.2026.

Í skýrslu kjörstjórnar Hörgársveitar kom fram að niðurstaða kosninga til sveitarstjórnar í Hörgársveit þann 16. maí 2026 urðu þau að D-listi sjálfstæðismanna og óháðra fékk 174 atkvæði og 2 menn kjörna, G-listi Grósku fékk 241 atkvæði og tvo menn kjörna og H-listi Hörgársveitar fékk 89 atkvæði og einn mann kjörinn.

Samkvæmt því voru eftirtalin kjörin í sveitarstjórnina: Sunna María Jónasdóttir af G-lista, Árni Rúnar Örvarsson af D-lista, Róbert Fanndal Jósavinsson af G-lista, Bjarki Brynjólfsson af H-lista og Katrín Olsen Björnsdóttir af D-lista.

2. Málefнасamningur G-lista og H-lista kjörtímabilið 2026-2030 - H2606010

Málefнасamningur lagður fram.

Bókun D-lista:

„D-listi og óháðir gera athugasemd við að samkomulagið leggur áherslu á lágreista byggð og gott rými milli húsa, en einmitt þessum markmiðum brást meirihlutinn stórkostlega við skipulag Reynihlíðar og Víðihlíðar í Lónsbakkahverfi.

Að lokum er bent á að þær fjölmörgu framkvæmdir sem taldar eru fram í samkomulaginu krefjast malar og/eða sands. Þrátt fyrir þetta er efnistaka hvergi nefnd í samkomulaginu, þótt hún sé gífurlega mikilvæg tekjustoð, ekki síst fyrir þá sem stunda landbúnað í Hörgársveit.“

3. Kosning oddvita - 2026 - H2606011

Við kosningu oddvita hlaut Sunna María Jónasdóttir 3 atkvæði og Árni Rúnar Örvarsson 2 atkvæði. Samkvæmt því var Sunna María Jónasdóttir lýst réttkjörin oddviti sveitarstjórnar til loka kjörtímabilsins.

Nýkjörinn oddviti gekk til dagskrár.

4. Kosning varaoddvita - 2026 - H2606012

Við kosningu varaoddvita hlaut Bjarki Freyr Brynjólfsson 3 atkvæði og Árni Rúnar Örvarsson 2 atkvæði. Samkvæmt því var Bjarki Freyr Brynjólfsson lýstur réttkjörinn varaoddviti sveitarstjórnar til loka kjörtímabilsins.

5. Ráðning sveitarstjóra - 2026 - H2606013

Ráðningarsamningur lagður fram.

Sveitarstjórn samþykkti með 4 atkvæðum að ráða Snorra Finnlaugsson sem sveitarstjóra Hörgársveitar kjörtímabilið 2026-2030 og samþykkti framlagðan ráðningarsamning með 3 atkvæðum.

Bókun D-lista:

D-listi og óháðir hefðu viljað að ráðning sveitarstjóra yrði til 3 ára í stað 4 ára. D-listi og óháðir telja það ekki góða stjórnarsýslu að nýr sveitarstjóri taki við samhliða nýrri sveitarstjórn að loknu núverandi kjörtímabili.

Snorri Finnlaugsson vék af fundi undir þessum lið.

6. Breytingar á samþykktum um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, fyrri umræða. - H2603002

Neðanrituð tillaga að breytingum lögð fram til fyrri umræðu:

8. gr. (2.mgr.)

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi í skrifstofu sveitarfélagsins annan og fjórða fimmtudag í mánuði, kl. 10:00, nema sveitarstjórn ákveði annað. Þó heldur sveitarstjórn ekki reglulegan fund í júlímánuði.

40. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

A. Fulltrúar kjörnir til 4 ára í fastanefndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. Yfirkjörstjórn við forseta-, sveitarstjórnar- og alþingiskosningar auk annara kosninga svo sem þjóðaratkvæðagreiðslur. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kys sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

2. Skipulagsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sveitarfélagsins er varðar skipulagsmál í samræmi við erindisbréf nefndarinnar og starfar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Fræðslunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sveitarfélagsins er varðar fræðslumál í samræmi við erindisbréf nefndarinnar og starfar skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

4. Velferðarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sveitarfélagsins er varðar velferðar-, jafnréttis- og húsnæðismál í samræmi við erindisbréf nefndarinnar og starfar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 13. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020. Velferðarnefnd fer jafnframt með stjórn og samræmingu húsnæðismála sveitarfélagsins sbr. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

5. Fjallskilanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Fjallskilanefnd hefur heimild til fullnaðarákvarðana um skipulag fjallskila í sveitarfélaginu, þ.m.t. að jafna niður gangnadagsverkum, sbr. 29. gr. þessarar samþykktar.

6. Menningar- og tómstundanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sveitarfélagsins er varðar menningu- og tómstundir í samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

7. Landbúnaðar- atvinnu- og nýsköpunarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sveitarfélagsins er varðar landbúnað, atvinnu og nýsköpun í samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

8. Samgöngu- umhverfis og náttúruverndarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sveitarfélagsins er varðar samgöngu- umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við erindisbréf nefndarinnar og starfar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

9. Öldungaráð. Skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara í samræmi við 7. gr. laga nr. 125/1999. Ráðið skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis um málefni eldri borgara sveitarfélagsins í samræmi við erindisbréf ráðsins.

10. Ungmennaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis um málefni sem tengjast ungu fólki í samræmi við erindisbréf ráðsins og 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

B. Aðrar stjórnir, fulltrúar og samstarfsnefndir á vegum sveitarfélagsins þar sem sveitarstjórn skipar fulltrúa eða fulltrúar skipaðir af viðkomandi nefndum/ráðum:

1. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einn aðalmaður og einn varamaður skv. 4. gr. laga sambandsins.

2. Þing SSNE. Þrír aðalmenn og þrír varamenn samkvæmt samþykktum fyrir SSNE.

3. Stjórn SSNE. Einn aðalmaður og einn varamaður samkvæmt samþykktum SSNE.

4. Stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs. Einn aðalmaður og einn varamaður skv. lögum um hafnamál nr. 61/2003 og gr. 3.0 í stofnsamningi byggðasamlagsins.

5. Skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Einn aðalmaður og einn varamaður skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, sbr. og reglugerð um skólann.

6. Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar. Kjósa skal einn fulltrúa í nefndina og einn til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórna.

7. Framkvæmdaráð vegna þjónustu við fatlað fólk. Einn aðalmaður og einn varamaður í framkvæmdaráð sameiginlegs þjónustusvæðis um þjónustu við fatlað fólk, sbr. samning fimm sveitarfélaga við Eyjafjörð þar að lútandi.

8. Stjórn Minjasafnsins á Akureyri. Einn aðalmaður/varamaður, sbr. 5. gr. stofnskrár safnsins.

9. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Eyjafjarðar bs. Einn aðalmaður og einn varamaður sbr. 4. gr. samþykktar um Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.

10. Almannavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Einn aðalmaður og einn varamaður. 11. Stjórn Flokkunar Eyjafjarðar ehf. Einn aðalmaður og einn varamaður.

12. Fulltrúaráð EBÍ. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

C. Auk þess tekur sveitarstjórn þátt í kosningu í eftirtaldar nefndir, stjórnir og ráð á sameiginlegum vettvangi sveitarstjórna í Eyjafirði, eftir því sem við á hverju sinni:

1. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

2. Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri.

3. Skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga.

4. Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri.

5. Gróðurverndarnefnd.

6. Byggingarnefnd Menntaskólans á Akureyri.

7. Byggingarnefnd Menntaskólans á Tröllaskaga.

8. Byggingarnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri.

9. Stjórn Moltu ehf.

10. Málefni fatlaðs fólks. Áheyrnarfulltrúi á fundum Velferðarráðs Akureyrarbæjar þegar til umræðu eru málefni samstarfsverkefnisins.

11. Umdæmisráð barnaverndar. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.

12. Barnaverndarþjónusta Norðurlands eystra. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra, sbr. auglýsingu (samningur Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Fjallabyggðar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Langanesbyggðar, Norðurþings, Svalbarðsstrandarhrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar um Barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra og samþykkt um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra), fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum. Einn aðalmaður og einn varamaður í framkvæmdaráð sameiginlegs þjónustusvæðis um þjónustu við fatlað fólk, sbr. samning fimm sveitarfélaga við Eyjafjörð þar að lútandi.

D. Verkefnabundnar nefndir:

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

Breytingartillaga D-lista:

D-listi og óháðir gera tillögu um að nefndin sbr. A-7 heiti Atvinnu-og nýsköpunarnefnd með sérstöku Landbúnaðarráði sér til ráðgjafar varðandi málefni landbúnaðarins.

Breytingartillaga D-lista: D-listi og óháðir gera tillögu um að nefndin sbr. A-8 heiti Umhverfis- og náttúruverndarnefnd og að samgöngumálin heyri áfram undir skipulagsnefnd.

Bókun D-lista:

ATHUGASEMDIR OG TILLÖGUR VIÐ DRÖG AÐ BREYTINGUM Á SAMÞYKKT UM STJÓRN HÖRGÁRSVEITAR OG FUNDARSKÖP SVEITARSTJÓRNAR

1. Persónuvernd og meðferð trúnaðarupplýsinga

Í 11. gr. núgildandi samþykktar er vísað til þagnarskyldu við birtingu fundargagna og dagskrár, en hvergi í samþykktinni er vísað sérstaklega til persónuverndarlaga eða reglna um meðferð persónuupplýsinga.

Lagt er til að í samþykktinni verði skýrt vísað til laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ábyrgðar kjörinna fulltrúa og starfsmanna við meðferð persónuupplýsinga.

2. Kvartanir vegna kjörinna fulltrúa

Í 22. gr. núgildandi samþykktar er fjallað um siðareglur sveitarstjórnarfulltrúa, en ekki kemur fram hvert íbúar eða aðrir skulu beina kvörtunum vegna meintra brota eða annmarka starfa kjörinna fulltrúa á siðareglum, trúnaði eða góðum stjórnsýsluháttum.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði þar sem skýrt kemur fram:

- hvert kvörtunum skuli beint,
- hver taki við þeim,
- hver rannsaki meint brot,
- hvernig tryggð sé óháð málsmeðferð þegar kvörtun beinist að sveitarstjórnarmanni, oddvita eða sveitarstjórn í heild.

3. Upplestur prentaðs máls

Í 16. gr. fundarskapa segir:

„Ekki má lesa prentað mál nema oddviti leyfi.“

Ákvæðið á rætur að rekja til eldri fundarskapa og er óskýrt í nútímafundarstjórn þar sem flest gögn eru rafræn.

Óljóst er:

- hvað telst „prentað mál“,
- hvort glósur falli undir ákvæðið,
- hvort heimilt sé að vitna í skjöl, lög eða undirbúin gögn.

Lagt er til að ákvæðið verði felld brott og í stað þess komi:

„Ræðumenn skulu almennt flytja mál sitt með eigin orðum. Oddviti getur takmarkað upplestur skjala eða annarra texta ef hann telur að slíkt torveldi eðlilega framvindu fundar.“

5. Birting þóknana kjörinna fulltrúa

Í 25. gr. er fjallað um þóknanir sveitarstjórnarfulltrúa, en ekki er kveðið á um birtingu þeirra.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði um að:

- samþykktar þóknanir kjörinna fulltrúa,
- nefndarlaun,
- fastar greiðslur vegna trúnaðarstarfa,

skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins með aðgengilegum hætti og uppfærðar þegar breytingar verða gerðar.

Markmið breytingarinnar er að efla gagnsæi og traust í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa tillögunum og breytingartillögum til vinnslu á milli umræðna og vísar þeim til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Tillögur að erindisbréfum nefnda samkvæmt tillögum að breyttum samþykktum lagðar fram til kynningar.

7. Kosning í nefndir og ráð - 2026-2030 - H2606014

Kosið í nefndir og ráð samkvæmt samþykktum um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kaus eftirtalda í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins:

Kjörstjórn

aðalmenn:

Helgi Bjarni Steinsson, formaður
María Björk Guðmundsdóttir, varaformaður
Jón Viðar Þorsteinsson

varamenn:

Líney S. Diðriksdóttir
Kristbjörg María Bjarnadóttir
Stefán Magnússon

Skipulags- og umhverfisnefnd,

aðalmenn:

Agnar Þór Magnússon, formaður
Kolbrún Lind Malmquist, varaformaður
Bjarki Freyr Brynjólfsson
Árni Rúnar Örvarsson
Katrín Olsen Björnsdóttir

varamenn:

Jóhanna María Oddsdóttir
Sunna María Jónasdóttir
Ásta Hafberg
Björg Ingadóttir
Björgvin Helgason

Félagsmála- og jafnréttisnefnd,

aðalmenn:

Jónas Davíð Jónasson, formaður
Hugrún Pála Birnisdóttir, varaformaður
Katrín Olsen Björnsdóttir

varamenn:

Kolbrún Lind Malmquist
Sigurður Pálsson
Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir**Fræðslunefnd,**

aðalmenn:

Jóhanna María Oddsdóttir, formaður
Sveinn Brimar Jónsson, varaformaður
Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir

varamenn:

Róbert Fanndal Jósavinsson
Jenný Dögg Heiðarsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson**Fjallskilanefnd,**

aðalmenn:

Arnar Tryggvason, formaður
Agnar Þór Magnússon, varaformaður
Davíð Jónsson
Björgvin Helgason
Egill Már Þórsson

varamenn:

Þórgnýr Jónsson
Hákon Þór Tómasson
Halla Björk Þorláksdóttir
Jónas Þór Jónasson
Sylvía Sól Guðmundsdóttir**Atvinnu- og menningarnefnd,**

aðalmenn:

Hugrún Lís Heimisdóttir, formaður
Eva Hilmarsdóttir, varaformaður
Ásgeir Már Andrésson
Aðalsteinn H Hreinsson
Jónas Þór Jónasson

varamenn:

Vikar Mar Valsson
Agnar Þór Magnússon
Jónas Davíð Jónasson
Sylvía Sól Guðmundsdóttir
Árni Rúnar Örvarsson**Fulltrúi á landsþing Sambands ísl.sveitarf.,**

aðalmaður:

Sunna María Jónasdóttir

varamaður:

Bjarki Freyr Brynjólfsson

Fulltrúar á þing SSNE,

aðalmenn:

Sunna María Jónasdóttir
Bjarki Freyr Brynjólfsson
Árni Rúnar Örvarsson

varamenn:

Róbert Fanndal Jósavinsson
Ásta Hafberg
Katrín Olsen Björnsdóttir**Í stjórn SSNE,**

aðalmaður:

Sunna María Jónasdóttir

varamaður:

Bjarki Freyr Brynjólfsson

Í stjórn Hafnasamlags Norðurlands,

aðalmaður:

Bjarki Freyr Brynjólfsson

varamaður:

Róbert Fanndal Jósavinsson

Í skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar,

aðalmaður:

Kolbrún Lind Malmquist

varamaður:

Sveinn Brimar Jónsson

Í svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar,

aðalmaður:

Agnar Þór Magnússon

varamaður:

Bjarki Freyr Brynjólfsson

Framkvæmdaráð vegna þj. við fatlað fólk,

aðalmaður:

Sveitarstjóri

varamaður:

Oddviti

Stjórn minjasafnsins á Akureyri,

aðalmaður:
Bjarki Freyr Brynjólfsson

varamaður:
Róbert Fanndal Jósavinsson

Í stjórn skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Eyjafjarðar bs,

aðalmaður:
Sveitarstjóri

varamaður:
Oddviti

Almannavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra,

aðalmaður:
Sveitarstjóri

varamaður:
Oddviti

Stjórn Flokkunar Eyjafjarðar ehf.,

aðalmaður:
Sveitarstjóri

varamaður:
Oddviti

Fulltrúaráð EBÍ,

aðalmaður:
Sveitarstjóri

varamaður:
Oddviti

Þá var samþykkt að kjósa í eina verkefnabundna nefnd, sbr.d.lið 40 gr. samþykktar um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar. Framkvæmda- og rekstrarnefnd sem verði ráðgefandi fyrir sveitarstjórn varðandi framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og rekstur stofnana þess.

Framkvæmda- og rekstrarnefnd:

Róbert Fanndal Jósavinsson, formaður
Bjarki Freyr Brynjólfsson, varaformaður
Árni Rúnar Örvarsson

Bókun D-lista:

D-listi og óháðir gera alvarlegar athugasemdir við upplegg nefndanna þar sem Dlisti á engan formann í nefnd og endurspeglar ekki niðurstöður kosninga og virðir að vettugi afstöðu rúmlega þriðjung kjósenda.

8. Laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna - 2026 - H2606015

Lagt fram yfirlit yfir laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna. Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu um ákvörðun launa sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna þar til frekari gögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga liggja fyrir.

9. Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar - Afgreiðslufundir - 2026 - H2602039

Fundargerð 113. fundar lögð fram.

10. Fundargerðir ungmennaráð - 2026 - H2602057

Fundargerð frá 12. maí 2026 lögð fram.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í þá hugmynd ungmennaráðs að nemendur fái að nýta aðstöðuna í íþróttamiðstöðinni í frímínútum þar sem aðstaða við þelamerkurskóla er ekki nógu fjölbreytt og engin aðstaða til að stunda t.d. körfubolta. Skólayfirvöldum og íþróttamiðstöð er falið að útfæra fyrirkomulag. Sveitarstjórn fagnar sýndan áhuga ungmenna í ungmennaráði á málefnum sveitarfélagsins okkar. Sveitarstjórn leggur til að þeim ungmönnum sem þar sitja verði boðið til fundar með sveitarstjórn þar sem þau geta komið sínum málefnum á framfæri við nýja sveitarstjórn.

11. Fundargerð stjórnar Samb.ísl.sveitarfélaga - 2026 - H2602035

Fundargerð frá 998. fundi lögð fram. Sjá bókun við lið 12 er varðar frumvörp 568 og 582.

12. Fundargerð stjórnar SSNE 2026 - H2602034

Fundargerð 83. fundar ásamt þinggerð ársþings og niðurstöðuskýrslu um ungmennaping lögð fram.

Sveitarstjórn Hörgársveitar tekur undir umsögn SSNE varðandi frumvörp Alþingis nr. 568 og 582 er varða Stofnun atvinnuveganna og breytingar á starfsemi

heilbrigðiseftirlits þar sem gert er ráð fyrir að verkefni færist frá sveitarfélögum til ríkisins. Sveitarstjórn hvetur til aukins samstarfs milli Hörgársveitar og Markaðsstofu norðurlands og að sveitarfélagið taki virkan þátt í þeirri vinnu sem MN stendur fyrir hverju sinni og nýti betur þá þjónustu sem þar er veitt. Einnig hvetur sveitarstjórn ferðþjónustuaðila í Hörgársveit til þess að kynna sér þá fræðslu sem stendur þeim gjaldfrjálst til boða hjá Hæfnisetrinu.

13. Skipan stjórnar og þingfulltrúar SSNE - 2026 - H2606004

Erindið lagt fram.

14. Samband íslenskra sveitarfélaga - landsþing - 2026 - H2602033

Erindi um skipan landsþingsfulltrúa 2026 - 2030 lagt fram.

15. EBÍ - aðildarsveitarfélög - H2505017

Erindi um kjör í fulltrúaráð lagt fram.

16. Bergið headspace - 2026 - H2606005

Drög að samstarfssamningi lögð fram ásamt tillögu að kostnaðarskiptingu.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti samninginn og fagnar þessari mikilvægu þjónustu.

Árni Rúnar Örvarsson lýsti sig vanhæfan við afreiðslu málsins og vék af fundi og tók Jónas Þór Jónasson sæti hans á fundinum undir þessum lið.

17. Fjallskil - umsóknir um upprekstur 2026 - H2606007

Lagður fram listi yfir umsóknir um upprekstur og hagabeit.

1. Sigríður Kristín Sverrisdóttir í Skriðu sækir um upprekstur fyrir 50 fjár á Illagilsdal.

2. Gisli Arnór Pálsson í Dagverðartungu sækir um upprekstur fyrir 200 fjár á Dagverðartungudali fyrir Sigríði Kristínu Sverrisdóttur í Skriðu.

3. Arni Arnsteinsson í Grjótgarði sækir um upprekstur fyrir 15 fjár og 25 hross í Laugalandshéiði fyrir Ríkharð G Hafdal í Glæsibæ.

4. Steinn Oddgeir Sigurjónsson á Myrká sækir um upprekstur fyrir 110 fjár á Myrkárdal fyrir Þórð Sigurjónsson og Odd Bjarna Þorkelsson frá Möðruvöllum.

5. Sigurður Skúlason og Hákon Þór Tómasson í Staðarbakka sækja um upprekstur fyrir 60 fjár í eignarlöndum Staðarbakka fyrir Davíð Jónsson í Kjarna.

6. Arnar Tryggvason frá Þverá/Steinstöðum sækir um upprekstur fyrir 500 fjár á eignarlöndum Þverár og Steinstaða fyrir Agnar Þór Magnússon í Garðshorni á Pelamörk.

Sveitarstjórn samþykkti umsóknir nr. 1-5.

Afgreiðslu á umsókn nr. 6 frestað til næsta fundar þar sem gögn bárust of seint til afgreiðslu á sveitarstjórnarfundum.

18. Gistileyfi - umsagnarbeiðni - H2606008

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsókn um gistileyfi, umsögn. Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II-C minna gistiheimili að Búlandi í Hörgársveit.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að rekstrarleyfið verði veitt, enda samræmist erindið aðalskipulagi Hörgársveitar um að ferðþjónusta skuli vera stoðstarfsemi við landbúnað.

19. Greiðslur vegna vistunar barna - reglur - H2606009

Tillögur að breytingum lagðar fram til kynningar.

20. Greið leið ehf. aðalfundur - hluthafafundur - tillaga um slit - 2026 - H2606016

Fundarboð lögð fram ásamt ársreikningi 2025 og tillögu að slitum. Þar sem fundirnir eru á sama tíma og sveitarstjórnarfundur hafði fulltrúi Hörgársveitar ekki tók á að sækja fundina. Sveitarstjórn Hörgársveitar gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við samþykkt tillögu hlutahafafundar um slit á félaginu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:13